

Höfundur: Edward Hughes

Myndskreytingar: M. Maillot

Aðlagað af: E. Frischbutter; Sarah S.

Þýðandi: Þráinn Kristjánsson

Framleiðandi: Bible for Children
www.M1914.org

©2010 Bible for Children, Inc.

Skilmálar: Þér er heimilt að afrita eða prenta
þessa sögu, en ekki selja.




Fyrir ævalöngu síðan
sendi Guð engilinn
Gabríel með skilaboð
til gyðingastúlku
sem hét
María.



"Þú munt eignast son og
hann á að heita Jesús.
Hann mun ríkja að
eilífu og verða
kallaður
sonur hins
hæsta."



"Hvernig má þetta
verða, þar eð ég hef
aldrei haft mök
við nokkurn
karlmann?"



Engillinn sagði Maríu
að barnið kæmi frá
Guði, og mundi
ekki eiga
mannlegann
föður.



Engillinn sagði Maríu að
Elísabet frænka
hennar, þótt
ófrjó væri,
ætti líka
von á barni.
Annað
kraftaverk!



Skömmu síðar
fór María að
heimsækja
Elísabetu, og
þær lofuðu
Guð saman.



María var trúlofuð
manni sem hét
Jósef. Það olli
Jósef miklum
vonbrygðum
er hann
frétti að
María ætti
von á barni.
Hver skyldi
faðirinn vera?



Engill Guðs birtist Jósef í draumi og sagði honum að barnið væri sonur Guðs, og að hann ætti að láta hann heita Jesú.



Jósef trúði,
og var hlýðinn
Guði.



Hann var líka hlýðinn lögum landsins,
og vegna nýrra laga þurfti
hann og María
að fara til



Betlehem

til að láta skrásetja sig.



Nú var María
að því komin að
fæða barnið, en
Jósef fékk
hvergi inni.



Öll gisti­hús
voru full í
Betlehem.



Að lokum tókst þeim að finna
fjárhús, og þar fæddist Jesús.
María lagði litla Jesú
sinn í eina
jötuna.



Þar skammt frá voru fjárhirðar að
gæta hjarðar sinnar.

Engill Drottins
birtist og
bar þeim

fagnaðarfréttir.



“Í dag er ykkur frelsari fæddur
í borg Davíðs, sem er
Kristur Drottinn.

þið munuð
finna

barnið
liggjandi
í jötu.”



Skyndilega birtist englaskari
mikill sem lofaði Guð og
sagði, ...



... "Dýrð sé Guði í upphæðum
og friður á jörðu og
velþóknun



Guðs yfir
mönnum."



Hirðarnir flýttu sér
nú til Betlehem.



Eftir að þeir fundu barnið,
sögðu þeir öllum frá því
sem engillinn hafði sagt
þeim um Jesú.



Fjörutíu dögum
síðar fóru Jósef og
María með Jesú
til musterisins
í Jerúsalem.





Þar hittu þau mann
er Símon hét, og
einnig spákonuna
Önnu, sem bæði
lofuðu Guð og
þökkðu
honum
fyrir
barnið.






þau vissu að Jesús
væri sonur
Guðs, hinn
væntanlegi
frelsari.

Jósef
fórnaði
tveimur
fuglum,
að...




... hætti fátækra
foreldra, er þau
færðu nýfætt
barn sitt fram
fyrir
Drottinn.




Nokkru
síðar birtist
stjarna ein
og vísaði

vitringum frá
Austulöndum
til Jerúsalem.



"Hvar er
hinn nýfæddi
konungur
Gyðinga?"

spurðu þeir. "Við
erum komnir til að
veita honum lotningu."



Heródes konungur
skelkaðist er
honum bárust
fréttirnar.
Hann spurði
vitringana um
Jesú.



“Ég vil veita
honum lotningu
líka,” laug
Heródes, því
hann vildi að
Jesús yrði
drepinn.




Stjarnan vísaði vitringunum
beint til hússins þar
sem Jósef, María
og Jesús
áttu
heima.





Glaðir mjög, og af mikilli
lotningu, færðu
vitringarnir
Jesú ríkulegar
gjafir, gull,
reykelsi
og myrru.



Guð sagði
vitringunum að
snúa ekki aftur
til Heródesar.



Heródes var ð
ofsareiður og
ákvað að að myrða
Jesú. Hann lét myrða
öll sveinbörn



í Betlehem.






En Heródes tókst
ekki að skaða son
Guðs! Engill birtist
Jósef í draumi
og sagði honum
að flýja með
Maríu

og barnið til
Egyptalands.




Eftir dauða
Heródesar,
snéri



Jósef aftur heim
með Maríu og Jesú.



Pau áttu
heima í litlum
bæ í



Galíleu sem
heitir Nasaret.



Fæðing Jesú

Sögu þessa úr heilagri ritningu, Biblíunni,

er að finna í

Mattesusi 1-2 og Lúkasi 1-2

“Þegar orð þín ljúkast upp, ljóma þau.”
Sálmarnir 119:130



Endir



Þessi biblíusaga er um okkar dýrlega Guð,
sem skapaði okkur, og sem vill að þú
þekkir hann.

Guð veit að við höfum öll gert rangt, sem
hann kallar synd. Hegning syndarinnar er
dauði, en Guð elskar þig svo mikið, að hann
sendi sinn eina son, Jesú, til að deyja á
krossi í hegningarskini fyrir syndir þínar.
Svo vaknaði Jesús aftur til lífs, og fór heim
til himnaríkis. Ef þú trúir á Jesú, og biður
hann að fyrirgefa þér syndir þínar, þá
fyrirgefur hann þér tafarlaust, og kemur til
að lifa í þér, og þú með honum til eilíðar.



Ef þú trúir þessu, segðu þá
eftirfarandi til Guðs:

Kæri Jesús, ég trúi að þú sért Guð, sem
komst í líki manns til að deyja fyrir syndir
mínar, og komst svo aftur til lífs. Ég bið þig
að koma nú inní líf mitt og fyrirgefa mér
syndir mínar, svo ég geti byrjað nýtt líf, og
komið svo til að vera með þér í himnaríki.
Hjálpaðu mér að hlýðnast þér, og lifa fyrir
þig sem barn Guðs. Amen

Lestu biblíuna og talaðu við Guð á
hverjum degi!

